



Reykjavík, 18. nóvember 2020

Niðurstaða athugunar á frávikum frá fjárfestingarheimildum hjá Júpíter rekstrarfélagi hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) framkvæmdi vettvangsathugun hjá Júpíter rekstrarfélagi hf. (Júpíter, nú Kvika eignastýring hf.) í mars 2020. Niðurstaða lá fyrir í október 2020.

Markmið athugunarinnar var að kanna tilkynningar Júpíters til Fjármálaeftirlitsins um frávik verðbréfa- og fjárfestingarsjóða frá fjárfestingarheimildum, sbr. 30. - 43. gr. og 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, eins og ákvæðin voru fyrir gildistöku laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Einnig var kannað hvort frávikin hefðu verið tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan tímamarka, sbr. 43. gr. sömu laga. Einnig var könnuð virkni áhættustýringar og hvort eftirlit áhættustýringar með fjárfestingum sjóða væri skilvirkt m.t.t. ákvæða fyrrgreindra laga, reglna og leiðbeinandi tilmæla.

Til að öðlast yfirsýn yfir þá þætti starfseminnar sem voru til athugunar aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna hjá Júpíter. Þar á meðal voru verklagsreglur, vinnuleiðbeiningar, áhættustefna, reglur um áhættustýringu og frávikaskýrslur. Farið var yfir verkferla og eftirlitskerfi Júpíters skoðuð. Þá tók Fjármálaeftirlitið viðtöl við starfsmann Kviku banka hf. sem sá um áhættustýringu Júpíters, en Júpíter útvistaði áhættustýringu til bankans og við sjóðsstjóra hjá Júpíter um daglegt eftirlit sjóðsstjóra og samskipti þeirra við áhættustýringu. Til að staðreyna hvort öll frávik hefðu komið upp í frávikaskráningu áhættustýringar var tekið úrtak úr færslum þriggja sjóða fyrir tiltekið tímabil og eftir atvikum, skoðað hvort Júpíter hefði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um öll frávik.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina voru eftirfarandi athugasemdir gerðar:

- Eftirliti áhættustýringar Júpíters með því að sjóðir í rekstri félagsins fylgdu þeim takmörkunum á eignasafni verðbréfa- og fjárfestingasjóða sem kveðið er á um í 1. tl. 40. gr. laga nr. 128/2011 var ábótavant.
- Verkferlar vegna eftirlits áhættustýringar á frávikum sjóða frá fjárfestingarheimildum voru ekki fullnægjandi, sbr. kröfur sem gerðar eru í 40. gr. reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Framangreindar athugasemdir Fjármálaeftirlitsins taka mið af þeirri löggjöf sem var í gildi þegar athugunin fór fram. Sambærilegar kröfur eru gerðar í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að því er varðar fjárfestingarsjóði, en lögin tóku gildi 4. júní sl.

Ekki komu í ljós önnur frávik frá fylgni við fjárfestingarheimildir laga en tilkynnt höfðu verið til Fjármálaeftirlitsins á því tímabili sem var til skoðunar. Þau höfðu öll verið tilkynnt innan tímamarka.